

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2010
Tilvísun: 2010110018/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál

Orkustofnun hefur borist erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á vorþingi þessa árs og veitti Orkustofnun umsögn um frumvarpið með erindi, dags. 14. maí 2010. Í athugasemdum við frumvarp það sem nú er óskað umsagnar um segir m.a. eftirfarandi: „Við gerð frumvarpsins hefur eins og unnt er verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram í umsögnum framangreindra aðila og gerðar viðeigandi breytingar á frumvarpinu í samræmi við þær athugasemdir og ábendingar, m.a. eftirtaldar breytingar: Lítills háttar breytingar eru gerðar á skilgreiningum í 3. gr. frumvarpsins, verksvið Fiskistofu til eftirlits aukið að tilteknu marki og kveðið á um tiltekna upplýsingaskyldu til Matvælastofnunar, bætt hefur verið við frumvarpið umsagnaraðilum og tryggð aðkoma sveitarstjórna sem umsagnaraðila við ýmsar ákvarðanir samkvæmt frumvarpinu og Sambands íslenskra sveitarfélaga við samningu stjórnvaldsfyrirmæla, bætt hefur verið við frumvarpið tilteknum ákvæðum í því skyni að auka eða tryggja öryggi sjófarenda og áréttuð viðmið um forgang tilraunaleyfishafa að ræktunarleyfi á tilraunaleyfissvæði að tilraunaleyfistíma loknum.“

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og fagnar því að tekið hafi verið tillit til einstakra ábendinga stofnunarinnar sem fram komu í framangreindri umsögn hennar frá 14. maí 2010. Að öðru leyti vísar Orkustofnun almennt til annarra athugasemda sem fram koma í umræddri umsögn stofnunarinnar og gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur